



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Samgöngunefnd
Gautur Sturluson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2009
Mál nr. 0902005

Efni: Umsögn um 291. mál, útgáfu haffærisskírteina skv. lögum nr. 47/2003

Samgöngunefnd hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003. Er lagt til í frumvarpinu að útgáfa haffærisskírteina geti aðeins farið fram liggi fyrir yfirlýsing tryggingarfélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Með þessu frumvarpi er verið að tengja saman óskyld atriði, þ.e. lögbundnar áhafnartryggingar skv. siglingalögum og útgáfu haffærisskírteinis skips við lögskráningarskyldu skipverja. Haffærisskírteinið staðfestir einvörðungu að viðkomandi skip uppfylli allar gildandi tæknilegar reglur og að allar lögbundnar skoðanir á tækjum og búnaði skipsins hafi farið fram. Verulegt óhagræði skapast ef tengja á útgáfu haffærisskírteinis því að lögboðin áhafnartrygging sé fyrir hendi.

Lögskráningarskylda samkvæmt gildandi lögum nær aðeins yfir skip sem eru 20 brt. eða stærri. Í því ljósi var farin sú leið að skip sem ekki féllu undir lögskráningarlögin, þ.e. skip undir 20 brt., þyrftu að sýna fram á yfirlýsingu tryggingarfélags um gilda áhafnartryggingu, áður en þau fengju útgefið haffærisskírteini.

Með frumvarpi til laga um lögskráningu sjómanna, 290. mál., er lagt til að lögskrá skuli á öll skip sem eru gerð út í atvinnuskyni. Með því falla öll skip undir lögskráningarlögin og þar með engin tilgangur lengur með að hafa 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna áfram í gildi. Fella ætti því málsliðinn brott þar sem að breytt lögskráningarlög munu ná til allra skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.